

14. apríl 2016

- Lúðrasveitin kemur á sumarhátíðin.
- Systarasamlagið – annar umgangur af boozt heimsókn, bananar og jarðaber. Ræða síðar um dagsetningu.
- Rætt um að benda Hörpu Hrund á að mæta snemma á Holt í myndatökuna – sú sem bókaði hana mætti koma því til skila, því þau eru í svo mikilli rútínu og taka hádegisblundinn snemma. Væri best ef hún kæmi kl. 9 á Holt.
- Sumarhátíðin
 - Á sumarhátíðina er búið að bóka lúðrasveitina, Ípróttaálfinn, Sollu stirðu og Sigga sæta (20-30 mín + spjall). Á sumarhátíð verða pulsar í boði og ákveðið var að kaupa ís og setja í frysti og bjóða upp á á sumarhátíðinni ef verður leyfir, annars ákveður leikskólinn dag síðar til að bjóða upp á ís að eigin frumkvæði.
 - Ákveðið að tala við Gittu (Kristín Finnbogadóttur) upp á að fá krakka til að mæta í leikskólann og mála krakkana inni á deildunum áður en sumarhátíðin byrjar. Muna að hvetja fólk til að klæða sig eftir veðri.
- Á síðasta fundi var rætt að fá brúðubílinn í ágúst en Soffía nefndi að hann væri líklega bara í boði á ákveðnu tímabili og því ráðlagt að hafa samband við brúðubílinn og bóka hann í maí-júní ef þeir eru ekki starfandi í ágúst.
- Soffía talaði um að umferðarreglur á bílastæðinu væri í vinnslu.